



Kílómetrakeppnin

Kílómetrakeppnin er liðakeppni sem öll lið geta skráð sig í óháð vinnustað. Lágmarksfjöldi í liði í þessari keppni er 3 og hámarksfjöldi 10. Liðið birtist ekki undir "Staða í kílómetrakeppni" fyrr en búíð er að skrá 3 liðsmenn í liðið. Hægt er að skrá liðið í keppnina strax og það er skráð í *Hjólað í vinnuna* með því að haka í reitinn Tekur þátt í kílómetrakeppninni Einnig er hægt að skrá liðið til leiks eftir á, en það er gert undir liðsstjórnunarsíðunni með því að haka í viðeigandi reit.

Í kílómetrakeppninni er keppt um annars vegar **heildarfjölda kílómetra** og hins vegar **hlutfall kílómetra** miðað við fjölda liðsmanna í liðinu.

Vegna rafmagnshjóla (þessi grein á aðeins við í kílómetrakeppninni):

Við viljum benda þeim sem eru á rafmagnshjólum að hafa eftirfarandi viðmið í huga við skráningu á kílómetrum.

- Ef mótörinn er notaður þarf að draga 50% af þeim fjölda kílómetra sem eru farnir
- Ef mótörinn er ekki notaður má skrá 100%

Dæmi: Lið með 8 liðsmönnum ákveður að skrá sig til leiks í kílómetrakeppnina. Um leið og liðsstjórinn hefur hakað við kílómetrakeppnina og skráð liðsmennina til leiks birtist liðið undir „Staðan“ – “kílómetrakeppni“. Þar undir birtast liðin og fyrir aftan sá vinnustaður sem liðið tilheyrir og svo fjöldi liðsmanna í liðinu. Undir **Heildarvegalengd** birtist heildarfjöldi kílómetra sem liðið hefur hjólað og undir **Hlutfall KM** birtist hlutfall kílómetra á hvern liðsmann, en það er reiknað út sem:

$$\text{Hlutfall KM} = \text{Samtals KM} / \text{fjöldi liðsmanna}$$

Veitt eru verðlaun til þriggja efstu liðanna fyrir annars vegar **heildarvegalengd** og hins vegar **hlutfall KM**. Með því að smella á **Heildarvegalengd** eða **Hlutfall KM** má raða liðunum upp í röð eftir árangri.

Notum virkan ferðamáta Hjólum – Göngum – Hlaupum – Tökum strætó

Nánari upplýsingar á www.hjoladivinnuna.is

Samstarfsaðilar

